

1860. hafið þér stungið upp á, að þeim í þessum tilgangi yrði veittur  
31. maí. 60 ríkisdala styrkur úr umboðssjóðnum.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að þareð hinn svo nefndi umboðssjóður ekki er eiginlegur sjóður útaf fyrir sig þannig, að honum verði varið til sérstaklegra fyrirtækja, og í raun og veru ekki annað en sá hluti af umboðstekjum ríkissjóðsins, sem á ýmsum tímum er í vörzlum hlutaðeiganda umboðsmanns, getur stjórnin ekki, án þess fyrir því sè heimild í fjárhagslögunum, veitt það, sem um er beðið, á þann hátt, er þér stingið upp á; en þar á móti er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að fè það, er um var getið, verði greitt úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, ef hann er fær um að bera slíkt gjald.

2. júní. 30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferðir.<sup>1</sup>

Af skýrslu einni, er hingað hefir borizt frá stiptamtmaninum yfir Íslandi, sèst, að hinn síðasti norðanpóstur (og einnig vestanpósturinn) hafa ekki komið til Reykjavíkur fyr en 12. dag fyrra mánaðar, og að af því hefir leitt, að bið hefir orðið á, að gufuskipið kæmist af stað; hefir útgjörðarmaður skipsins krafizt skadabóta fyrir bið þessa, samkvæmt 4. gr. í samningi þeim, er við hann hefir verið gjörður, og 3. athugasemd við áætlunina um ferðir skipsins<sup>2</sup>; en eptir því, sem þar er ákveðið, áttu póstbréf að vera tilbúin í Reykjavík þegar 6. dag maímánaðar.

Dómsmálastjórninni þykir þess vegna vera ástæða til að skora á yður, herra amtmaður, um að gæta þess nákvæmlega, að norðanpósturinn fari svo snemma af stað, að hann geti komizt til Reykjavíkur fyrir þá daga, sem til tekið er í áætluninni um gufuskipsferðirnar, að skila skuli póstskipsbrèfunum.

1) Amtmanninum í vesturumdæminu var sama dag skrifað brèfsama efni, viðvíkjandi vestanpóstinum.

2) Samningurinn við útgjörðarmann gufuskipsins og áætlun um ferðir þess er prentað hér að framan, bls. 327—330.